



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Ástarsögur af hvíta tjalдинu

7. nóvember 2013



# Ástarsögur af hvíta tjaldinu

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 7. NÓVEMBER » 19:30

|                                     |  |
|-------------------------------------|--|
| <b>Max Steiner</b>                  | <i>Gone with the wind (1939)</i><br><i>The Tara Theme</i>                  |
| <b>Franz Waxman</b>                 | <i>A place in the sun (1951)</i><br><i>Suite</i>                           |
| <b>Henry Mancini</b>                | <i>Songs for Audrey</i>  |
| <b>Marvin Hamlisch</b>              | <i>The way we were (1973)</i><br><i>The way we were</i>                    |
| <b>Bernard Herrmann</b>             | <i>Vertigo (1958)</i><br><i>Scene d'amour</i>                              |
| <b>Jerry Goldsmith</b>              | <i>Basic Instinct (1992)</i><br><i>An unending story &amp; End credits</i> |
| Hlé                                 |  |
| <b>Maurice Jarre</b>                | <i>Doctor Zhivago (1965)</i><br><i>Suite</i>                               |
| <b>Ennio &amp; Andrea Morricone</b> | <i>Cinema Paradiso (1988)</i><br><i>Suite</i>                              |
| <b>Elmer Bernstein</b>              | <i>Far from heaven (2002)</i><br><i>Suite</i>                              |
| <b>Gustavo Santaolalla</b>          | <i>Brokeback Mountain (2005)</i><br><i>Excerpts</i>                        |
| <b>Carlos Gardel</b>                | <i>Scent of a Woman (1992)</i><br><i>Tango „Por una cabeza“</i>            |
| <b>Nino Rota</b>                    | <i>La Strada (1954)</i><br><i>Theme</i>                                    |

Aðalstyrktaraðili:

---



## Frank Strobel

hljómsveitarstjóri



Frank Strobel er einn fjölhæfasti hljómsveitarstjóri sinnar kynslóðar og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem sérfræðingur í kvikmyndatónlist. Hann gerir sér far um að flytja upprunalega og sögulega mikilvæga tónlist þöglu myndanna, ferðast víða og stjórnar þekktum hljómsveitum á sýningum þessara mynda auk þess að flytja kvikmyndatónlist eina og sér. Hann stjórnaði m.a. frumflutningi á endurgerðri tónlist Prokofievs við kvikmynd Eisensteins „Alexander Newski“ í Berlín og Moskvu og uppskar mikið lof. Fyrir hljóðritun þessarar tónlistar hlaut Strobel verðlaun þýskra hljómplötu-gagnrýnenda.

Frank Strobel var aðalstjórnandi Kvikmyndahljómsveitarinnar í Babelsberg til ársins 1998. Hann er einn af stofnendum Evrópsku kvikmyndaþílharmóníunnar og listrænn stjórnandi hennar frá aldamótaárinu 2000. Þá er hann ráðgjafi sjónvarpsstöðvarinnar ZDF/Arte fyrir röð þeirra með þögglum kvikmyndum.

Í þessari sjöundu Íslandsheimsókn sinni stendur Frank Strobel nú í fyrsta sinn á stjórnendapalli í Hörpu. Árið 1999 stjórnaði hann Sinfóníuhljómsveitinni undir Chaplinmyndunum „The Kid“, „The Idel class“ og „City Lights“, árið 2001 kom hann með meistaraverk Sergeis Eisensteins um Beitiskipið Potempkin við tónlist Dmitrj Sjostakovitsj og Chaplinmyndina „Circus“. Ári síðar var hin klassíska kvikmynd Fritz Lang „Metropolis“ frá 1927 og tónlist Bernds Schultheis í farteskinu ásamt Gullæði Chaplins. 2005 var aftur komið að Borgarljósum Chaplins ásamt Hitchcockhrollvekjuni „The Lodger“ við tónlist Ashley Irwin og að ári liðnu var Strobel aftur mættur og nú með amerísku gersemina „Intolerance“ [1916] við tónlist Carls Davis og Chaplinmyndirnar „The Kid“ og „The Idle class“. Tvær síðastnefndu myndirnar og „A dog’s life“ við tónlist Chaplins voru síðan á efnisskránni í sjöttu heimsókn Strobels árið 2010.

## Um kvikmyndirnar og tónlistina



*Gone with the Wind* er bandarísk bíómynd gerð árið 1939 eftir samnefndri Pulitzer-verðlaunasögu Margaretar Mitchell. Sagan gerist í Suðurríkjum Bandaríkjanna á tímum borgarastyrjaldarinnar [1861–1865]. Hinn austurrískættaði Max Steiner samdi tónlistina. Ameríska kvikmyndastofnunin setur myndina í hóp tíu bestu verka bandarískrar kvikmyndagerðar.

*A Place in the Sun* er byggð á skáldsögu Theodors Dreisers, *An American Tragedy*. Myndin segir sögu ungs manns úr verkalyðsstétt sem er flæktur í net tveggja ólíkra kvenna. Hún vann til sex Óskarsverðlauna og hlaut Franz Waxmann ein þeirra fyrir tónlistina. Myndin var einnig fyrst til að vinna Golden Globe verðunin sem besta kvikmyndin.

Henry Mancini var bandarískt tónskáld, hljómsveitarstjóri og útsetjari. Hann starfaði um árabíl við hlið leikstjórans Blakes Edwards og er þekktastur fyrir tónlistina við *The Pink Panther* og *Breakfast at Tiffanys*. Mancini dáði leikkonuna Audrey Hepburn og skrifaði mörg eftirminnileg lög fyrir hana.

Sydney Pollack leikstýrði rómantísku átakamyndinni *The way we were* með Barböru Streisand og Robert Redford í aðalhlutverkum. Streisand söng titillagið og seldist plata með tónlist myndarinnar í gífurlegu upplagi.

Hitchcockkvikmyndin *Vertigo* er sálfræðihrollvekja með James Stewart og Kim Novak í aðalhlutverkum. Tónlistina samdi Bernard Herrmann og var hún hljóðrituð í London og Vínarborg vegna verkfalls hljóðfæraleikara í Los Angeles.



Í *Basic Instinct* segir af rannsóknarlögreglumanni (Michael Douglas) sem rannsakar morð á frægri rokkstjörnu og lendir í ástríðufullu sambandi við hinn ægifagra og leyndardómsfulla grunaða morðingja (Sharon Stone). Tónlist myndarinnar samdi Jerry Goldsmith og var hún tilnefnd til Óskars- og Golden Globe verðlaunanna.

Breska stórmyndin *Doctor Zhivago* byggir á skáldsögu nóbelsverðlaunahafans Borisar Pasternak með Omar Sharif, Julie Christie og Geraldine Chaplin í aðalhlutverkum. Myndin var tilnefnd til tíu Óskarsverðlauna. Hún hreppti fimm þeirra og hampaði Maurice Jarre bikarum fyrir tónlistina. Myndin vann einnig Golden Globe verðlaunin í öllum flokkum.



*Cinema Paradiso* er margverðlaunuð ítölsk kvikmynd eftir handriti Giuseppe Tornatore sem jafnframt leikstýrði. Hún hlaut bæði Óskars- og Golden Globe verðlaunin árið 1989 sem besta erlenda kvikmyndin og „Grand Prix du Jury“ verðlaunin í Cannes sama ár. Árið 1991 vann hún til fimm BAFTA verðlauna og voru ein þeirra eyrnamerkt tónlist feðganna Ennio og Andrea Morricone.

Bandaríska tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Elmer Bernstein er meðal annars þekktur fyrir tónlist sína í kvikmyndunum „Hetjurnar sjö“, „Boðorðin tíu“ og *Far from Heaven* sem var hans síðasta kvikmyndaverkefni. Myndin skartar löngum tilnefninga- og verðlaunalista, meðal annars fyrir tónlist Bernsteins.



*Brokeback Mountain* er stórmynd gerð eftir smásögu bandaríska rithöfundarins Annie Proulx og fjallar um flókið tilfinningasamband tveggja karlmannna. Myndin, með Heath Ledger og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum vann til Óskarsverðlauna fyrir bestu leikstjórn, handrit og tónlist Gustavos Santaolalla.

Bandaríska kvikmyndin *Scent of a Woman* fjallar um námsmann sem ræður sig í vinnu hjá blindum, skapbráðum og drykkfelldum eftirlaunahermani. Al Pacino hlaut Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í myndinni. Thomas Newman samdi tónlistina með tveimur undantekningum og er tangó Carlosar Gardels „Por una cabeza“ önnur þeirra.

---

## Tónlistin á Íslandi

Í september 1993 sýndi Sinfóníuhljómsveit Íslands í samvinnu við kvikmyndaklúbb Háskóla Íslands þöglu myndina *The Wind* [1928] eftir sænska leikstjórnann Victor Sjöström sem markaði upphaf vinsælla kvikmyndasýninga hljómsveitarinnar. Stjórnandi var Carl Davies sem meðal annars er frægur fyrir tónlist sína við sjónvarpsseríu BBC *Hroki og hleypidómar* eftir sögu Jane Austen með Jennifer Ehle og Colin Firth í aðalhlutverkum.

Listaverk Fellinis *La Strada* er ein af áhrifamestu kvikmyndum allra tíma og hlaut mörg verðlaun í Evrópu, Japan og Bandaríkjunum, m.a. Óskarinn sem besta erlenda myndin. Aðalstef Ninos Rota er angurvær melódía sem hljómar reglulega út myndina.

Sigurður Ingvi Snorrason

# Hljómsveit á tónleikum

7. nóvember 2013

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Bryndís Pálsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Andrzej Kleina  
Ágústa María Jónsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Mark Reedman  
Lin Wei  
Hildigunnur Halldórsdóttir

## 2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross  
Joanna Bauer  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Greta Guðnadóttir

## VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrunn Harðardóttir  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

## SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson

## BASSI

Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Matthias Nardeau

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannsson  
Rúnar Óskarsson

## SAXÓFÓN

Vigdís Klara Aradóttir

## FAGOTT

Katarzyna Zdybel  
Rúnar Vilbergsson  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

## TROMMUR

Pétur Grétsson

## HLJÓMBORÐ/HARMÓNÍKKA

Kjartan Valdimarsson

## GÍTAR

Eðvarð Rúnar Lárusson  
Eggert Pálsson

## RAFBASSI

Richard Korn

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen, nótta- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri  
Una Eyþórsdóttir mannaússtjóri  
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Tryggið ykkur miða

Fim. 28. nóv. » 20:00

Fös. 29. nóv. » 20:00

Lau. 30. nóv. » 17:00

**Bernharður Wilkinson**

*hljómsveitarstjóri*

Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljómsveitin Skálmöld sameina krafta sína á tónleikum í Eldborg. Skálmöld hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum fyrir kraftmikla tónlist

og líflega sviðsframkomu. Þá hafa kjarnmiklir textar hljómsveitarinnar átt sinn þátt í að skapa henni breiðan aðdáendahóp.

